

Dags. fundar: 13. september 2011	Tími: 19:30	Nr. fundar: 07-2011
Fundarboðari: Var ákveðið á síðasta fundi.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Tíbrá.

Efni fundar:

1. Sundmót Ármanns.
2. Flöskusöfnun.
3. Atburðardagatal vetrarsins 2011-2012.
4. Iðkendur.
5. Önnur mál.
 - a. Búningar.
 - b. Auglýsingamál.
 - c. Þórðarmót.
 - d. Vefsíðan.
6. Næsti fundur

Viðstaddir: Sigríður Pálsdóttir, Edda Björk Óladóttir, Sigríður Runólfssdóttir, Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir og Ragnar G. Jónasson.

Boðuð forföll: Enginn

Fjarverandi en boðaðir: Enginn

Dagskrá:

1. Ragnar sagði frá skráningum á sundmót Ármanns sem fer fram helgina 23.-25. september n.k. í Laugardalslaug í Reykjavík. Haft verður samband við foreldra keppenda vegna keyrslu og viðveru á mótinu.
2. Fyrsta flöskusöfnun deildarinnar mun fara fram laugardaginn 1. október og mun talning fara fram í húsnæði Íslenska gámafélagsins við Hrísmýri.
3. Lokahönd var lögð á atburðardagatal deildarinnar 2011-2012 og verður það sent á alla iðkendur sem pdf skjal og sett upp í Google calender með áminningu um þá viðburði sem snýr að öllum innan deildarinnar s.s. flöskusöfnun, mótum o.fl.
4. Iðkenda fjöldinn er að skýrast enn ennþá eru krakkar að koma inn í deildina í yngstu hópunum sem Guðbjörg Bjarnadóttir þjálfar.
5.
 - a. Þar sem UMFS hefur gengið til samning við Errera um nýja búninga mun iðkendum deildarinnar standa til boða að kaupa þannig búninga og verða þeir fánlegir hjá Galleri Ozone.
 - b. Búið er að ræða við smiði þá sem hafa séð um uppsetningu og tilfærslur á skiltum á sundlaugarsvæðinu og vonandi komast þau mál í lag fljótlega svo hægt verði að fara að selja auglýsingar á nýju ári.

c. Þórðarmót, til minningar um Þórð Gunnarsson verður haldið sunnudaginn 30. október n.k. í innilauginni á Selfossi. Til stendur að bjóða iðkendum frá Hamri í Hveragerði og Dímon á Hvolsvelli að taka þátt en mótið er fyrst og fremst hugsað sem gott æfingamót fyrir yngri keppendur.

d. Formaður deildinnar mun bæta við upplýsingum um mót o.fl. inn á vefsvæði deildarinnar.

6. Formaður mun boða til hans.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Net hjá Endurvinnslu vegna flöskusöfnunar	SP	Sem fyrst
Hverfaskipting vegna flöskusöfnunar	SP	Sem fyrst
Auglýsing um flöskusöfnun	SP	Sem fyrst
Atburðardagatal	IELS	Sem fyrst
Skiltamál	IELS	Sem fyrst
Þórðarmót - skipulag	IELS	Fljótlega

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið kl: 21:00.

Næsti fundur: Verður boðað til hans.